

Nd.

469. Frumvarp til laga

[264. mál]

um breyting á lögum nr. 56 1973, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Björn Pálsson, Pálmi Jónsson, Pétur Pétursson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

2. töluliður 16.5 í 16. gr. laganna orðist svo:

Blönduósumdæmi.

- a) Á Blönduósi H2, starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.
- b) Á Skagaströnd H1, starfssvæði: Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

Greinargerð.

Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt á Alþingi 1973, var lækni-
hérað á Skagaströnd lagt niður og sameinað Blönduóshéraði. Við fluttum þá breyt-
ingartillögu við frumvarpið, en hún var felld með eins atkvæðis mun í neðri deild.
Búið var að byggja læknibústað á Skagaströnd, og íbúar Höfðakauptúns kunna
því illa að hafa eigi lækni búsettan þar. Vegasamband við Blönduós er sæmilegt,
en veður eru hörð norður á Skaganum. Norðaustanhriðar geta geisað dag eftir dag,
þannig að illfært sé á milli húsa. Fólkið finnur til öryggisleysis að hafa eigi lækni
hjá sér í kaupúninu.

Atvinnuástand er gott í Höfðakauptúni og fólkinu fjölgar. Eigi er ólíklegt, að
eftir nokkur ár verði íbúatalan nær 1 000, því að fólkið er hjartsýnt og duglegt.
Það á því skilið að njóta sæmilegs öryggis í heilbrigðismálum. Viðurkenna ber,
að lítið er unnið við að hafa sérstök lækniheruð, ef eigi fást lækna til að starfa
í þeim. Nokkur breyting virðist hafa orðið á í því efni, þannig að auðveldara virðist
að fá lækna til að starfa í dreifbýlinu en áður var. Læknum fjölgar ört, og gróska
er í atvinnulífi úti á landsbyggðinni. Eigi er því ólíklegt, að lækna fáist til að starfa
í Höfðakauptúni, og er því tæpast rétt að haga löggjöf þannig, að það hindri, að
íbúar Höfðakauptúns og vesturhluta Skagans geti búið við viðunandi öryggi í heil-
brigðismálum.